

FUNDARGERÐ

EB 51-01-00/útg. 1

verkheiti: **SKARÐSHLÍÐARSKÓLI** *tilvísun:* 17103
fundur: Stöðufundur nr. 5 *dags.:* 7.11.2017

EB 51-01-00/útg. 1

Staður og tími: Norðurhelli 2, þriðjudaginn 7. nóvember 2017, kl. 8.30

Fundarmenn:

Gunnar Örn Steingrímsson	GÖS	Eykt
Þorgeir Margeirsson	ÞM	Eykt
Ivon Stefán Cilia	ISC	Tark
Símon Unndórsson	SU	VSÓ
Ingibjörg Magnúsdóttir	IM	Skólastjóri
Sigurður Haraldsson	SH	Hafnarfjarðarbær
Stefán B. Veturliðason	SBV	VSB

liður efni *ábyrgð*

0 **Síðasta fundargerð**
Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerð síðasta fundar.

2.3 **Hönnun, teikningar og önnur gögn**

Eftirfarandi atriði er snúa að hönnun voru rædd og eftirfarandi bókað:

Kennslustofur: Rýnifundur verkkaupa um raflagnir og tækniþúnað var haldinn 31. október s.l. á fundinn mættu frá verkkaupa skólastjóri auk tveggja tölvumanna. Farið var yfir óskir verkkaupa varðandi staðsetningu og fjölda tengla og fleira er snertir tækniþúnað, sjá nánar í fundargerð rýnifundarins. Verktaki bókar að þessar breytingar þurfi að vera staðfestar af verkefnastjórn verkkaupa og að kostnaður muni hækka við þessa breytingu. Þessi breyting er samþykkt, en verktaki heldur bókhald um breytingar sem gerðar verða.

Eldhús: Ekki er lokið við endurskoðun á tækjalista, en er skilum er lofað á morgun. Arkitekt óskar eftir að skoða eldhús Hraunvallaskóla.

SH/ISC

Áfangaskipti: Skólastjóri lagði fram tillögur að rýmum sem þurfa að vera í 1. áfanga m.t.t. fjölda skólabarna næsta vetur, sjá lista hér að neðan og auk þess grunnmynd sem er viðhengi við þessa fundargerð.

IM/GÖS

1. Ræstimiðstöð yrði notuð sem kaffistofa fyrir starfsmenn
2. Léttur veggur yrði tímabundið settur á gang. Þar væri hægt að nýta rýmið fyrir innan sem vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk, fatahengi og geyma bækur.
3. Húsvarðarrými yrði notað sem sérkennslurými næsta vetur þar sem við fáum væntanlega húsvörð sem er starfandi í öðrum skóla.
4. Gangavarðarými yrði notað undir hjúkrunarfræðing og námsráðgjafa.
5. Spurning hvort hægt sé að nota rýmið undir stiganum sem geymslu eða er þetta opið rými?
6. Hópherbergi yrði notað undir tölvukennslu, spurning með lagnir í það?
7. Léttur veggur yrði tímabundið settur í enda gangsins á 1. hæð til að útbúa hópaherbergi
8. Léttur veggur yrði tímabundið settur á sviðið til að hægt sé að nýta stofuna fyrir almenna kennslu.

9. Skilrúm yrðu notuð til að stúka af svæði fyrir frístundina í matsal.

Handlaugar í leikskóla: Verktaki spyr hvort hægt sé að einfalda skilgreiningar í alútbodsgögnum og fækka handlaugum. Þá er spurt um hæðarstillanlegar skiptistöðvar með vaski, sem er lýst sem búnaði, hvort það sé þá ekki verkkaupa að útvega það. Málinu verður vísað til leikskólafulltrúa til umsagnar. IM/SH

Niðurfallsbrunnar í gólf: Verktaki leggur til að 600 x 600 mm niðurfallsbrunnar séu eingöngu í ræstimiðstöð og hugsanlega í völdum ræstihbergjum. Verktaki telur að ekki sé rými fyrir niðurföll af þessari stærð í öðrum rýmum. Verkkaupi skoða málið. SH/SBV

Deiliskipulag lóðar: Farið var yfir athugasemd skipulagsfulltrúa, um að aðkoma að bílastæðum sé frá Hádegisskarði að norðan/ofan sé ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag og mæliblað. Ráðgjafar verktaka eru að vinna tillögu að breytingu á aðkomu lóðar. GÖS/ISC

Innihurðir: Í greinargerð verktaka með tilboði er gert ráð fyrir að hurðarkarmar séu úr ryðfríu stáli. Verktaki óskar eftir að leiðrétta þetta og breyta efni karmanna í harðvið. Mun hann senda inn óskir og upplýsingar um þetta sem efnissamþykkt.

3.8 **Efnissamþykktir**

Verktaki mun setja upp sérstaka möppu á dropbox fyrir gögn efnissamþykktar. ÞM/SBV

Verktaki hefur sent inn nokkuð af upplýsingum um efni til samþykktar hjá verkkaupa. Það er í vinnslu og verður svarað á næstu dögum.

6.1 **Stöðufundir**

Fundir eru haldnir annan hvern þriðjudag á Norðrhellu kl. 8.30. Á fundina mæta fulltrúar verktaka og ráðgjafa auk fulltrúa verkkaupa. Ráðgjafar mæta að jafnaði á annan hvern fund. Skólastjóri mun sitja fundina.

6.6 **Verkframkvæmd, verkstaða**

Bygging C; Lokið við að steypa undirstöður og verið að leggja lagnir í grunn. Plata verður steyppt á föstudag. Byrjað að steypa vegg í næstu viku. Bygging A og B; Verið að steypa undirstöður.

Verktaki segir að uppgrafið efni sé mun meira en gert hafi verið ráð fyrir. Hann segir þetta vera gæðamold sem er ekið á tipp bæjarins, en hann þarf að greiða móttökugjald fyrir. Óskar verktaki eftir því að verkkaupi skoði möguleika á að veita afslátt frá þessu gjaldi. SH

6.7 **Verkáætlun, framvinda verks**

Ekki rætt.

8.1 **Önnur mál**

8.2 **Næsti fundur**

Ákveðið er að halda rýnifund með skólastjóra og þróunarfulltrúa leikskóla nk. þriðjudag 14. nóvember kl. 10.00 hjá Tark, Brautarholti 6, Reykjavík. IM

Næsti stöðufundur verður á Norðrhellu, þriðjudaginn 21. nóvember nk., kl. 8.30.

*Fundarritari: SBV
Dreifing fundargerðar; Fundarmenn*